

## Breytingartillaga

### við frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum á sviði fiskveiðistjórnar (eftirlit Fiskistofu o.fl.).

Frá meiri hluta atvinnuveganefndar (SVS, BjG, BGuðm, GRÓ, HKF, HildS, ÞórP).

1. 1. efnismásl. 2. gr. orðist svo: Skipstjórnarmenn veiðiskipa, sem hafa veiðileyfi í atvinnuskyni samkvæmt lögum um stjórn fiskveiða, eða sérveiðileyfi, skulu senda afla-upplýsingar stafrænt til Fiskistofu áður en veiðiferð lýkur.
2. Við c-lið 3. gr.
  - a. Í stað 1. másl. 2. mgr. komi tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Dagsektir geta numið frá 10 þús. kr. til 1 millj. kr. fyrir hvern byrjaðan dag og heimilt er að ákveða þær sem hlutfall af tilteknum stærðum í rekstri eftirlitsskylds aðila. Við ákvörðun um fjárhæð dagsekta er heimilt að taka tillit til eðlis vanrækslu og fjárhagslegs styrkleika viðkomandi aðila.
  - b. 6. másl. 2. mgr. orðist svo: Heimilt er að fella óinnheimtar dagsektir niður veiti aðilar síðar upplýsingar.
  - c. Lokamálsliður 2. mgr. falli brott.
  - d. Við bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um ákvörðun og innheimtu dagsekta í reglugerð.
3. Við b-lið 4. gr.
  - a. Í stað 1. másl. 2. mgr. komi tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Dagsektir geta numið frá 10 þús. kr. til 1 millj. kr. fyrir hvern byrjaðan dag og heimilt er að ákveða þær sem hlutfall af tilteknum stærðum í rekstri eftirlitsskylds aðila. Við ákvörðun um fjárhæð dagsekta er heimilt að taka tillit til eðlis vanrækslu og fjárhagslegs styrkleika viðkomandi aðila.
  - b. 6. másl. 2. mgr. orðist svo: Heimilt er að fella óinnheimtar dagsektir niður veiti aðilar síðar upplýsingar.
  - c. Lokamálsliður 2. mgr. falli brott.
  - d. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um ákvörðun og innheimtu dagsekta í reglugerð.
4. Við 5. gr.
  - a. Í stað 1. másl. 2. mgr. komi tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Dagsektir geta numið frá 10 þús. kr. til 1 millj. kr. fyrir hvern byrjaðan dag og heimilt er að ákveða þær sem hlutfall af tilteknum stærðum í rekstri eftirlitsskylds aðila. Við ákvörðun um fjárhæð dagsekta er heimilt að taka tillit til eðlis vanrækslu og fjárhagslegs styrkleika viðkomandi aðila.
  - b. 6. másl. 2. mgr. orðist svo: Heimilt er að fella óinnheimtar dagsektir niður veiti aðilar síðar upplýsingar.

- c. Lokamálsliður 2. mgr. falli brott.
- d. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:  
Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um ákvörðun og innheimtu dagsekta í reglugerð.
- 5. Á eftir 6. gr. komi ný grein, svohljóðandi:  
Við 9. gr. laganna bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Ákvörðun og innheimtu dagsekta.
- 6. Við 1. mgr. 7. gr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Fiskistofa skal tilkynna með opinberum hætti um fyrirhugað eftirlit með fjarstýrðum loftförum.
- 7. Efnismálsgrein 8. gr. orðist svo:  
Fiskistofu er heimil vinnsla persónuupplýsinga, þar á meðal upplýsinga sem verða til við rafrænt eftirlit og um eignarhald útgerðarféлага og annarra upplýsinga sem stofnuninni berast og eru nauðsynlegar í þágu lögbundins eftirlits stofnunarinnar, í þeim tilgangi að sinna lögbundnu hlutverki sínu samkvæmt lögum á sviði fiskveiðistjórnar, að uppfylltum skilyrðum laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.
- 8. Við 11. gr.
  - a. 1. másl. orðist svo: Fiskistofu er heimilt að eiga samstarf við útgerðaraðila um tíma-bundið verkefni um rafræna vöktun í fiskiskipum árin 2022, 2023 og 2024.
  - b. Í stað orðsins „fiskveiðiskipum“ í 2. másl. komi: fiskiskipum.
  - c. Í stað orðanna „notkunar, eiginleika og gæða“ í 2. másl. komi: notkun, eiginleikar og gæði.